

Sp. 534. Tillaga til þingsályktunar [336. mál]

um frelsi í útflutningsverslun.

Flm.: Kjartan Jóhannsson, Karl Steinar Guðnason, Eiður Guðnason, Jóhanna Sigurðardóttir, Sighvatur Björgvinsson, Jón Baldvin Hannibalsson.

Alþingi ályktar að fela viðskiptaráðherra að gefa útflutning á vörum frá landinu frjálstan í stað þess að binda hann leyfum eins og nú er gert, sbr. 8. og 9. gr. reglugerðar nr. 519 14. des. 1979. Felur Alþingi því ráðherra að breyta ákvæðum reglugerðarinnar til samræmis við framangreindan vilja sinn.

Greinargerð.

Á sama tíma og innflutningur hefur verið að mestu frjálstur hefur ríkt alger leyfisbinding á útflutningi. Þessi leyfisbinding eykur á skrifræði og í henni felst skömmunarkerfi því að einum aðila, ráðherra viðskiptamála, er fengið vald til að ákveða hverjir skuli njóta leyfisins. Hann úrskurðar að einn sé öðrum hæfari til að annast útflutning, og hefur þó enga reynslu til að styðjast við af frammistöðu þess aðila sem ávallt er hafnað. Ráðherra skammtar með þessum hætti einum tekjur en hafnar öðrum. Slíkt varðar veg til spillingar. Skömmunarkerfið dregur jafnframt úr frumkvæði og nýjungum því að hið venjubundna nýtur yfirleitt greiðrar afgreiðslu í krafti fordæmis en nýjungar kosta gjarnan tafir, vangaveltur og ítarlega skoðun. Skrifræðið og skömmunarkerfið, sem felst í leyfisbindingunni, dregur þannig þrótt úr útflutningsversluninni.

Hvaða nauðsyn ber til þess að kindakjötsútflutningur sé á einni hendi, og þá jafnframt sífellt á sömu hendi? Er það ekki einmitt svo að vegna slíkrar einokunar verður markaðsöflun seinvirk og þróttlítill? — Hverra hagsmunum er verið að þjóna með því að binda með leyfum á fáar hendur útflutning á freðfiski? Ef nýir aðilar gætu boðið betri kjör, yrði það þá ekki greininni til góðs? Ef þeir gætu ekki boðið betri kjör hefðu þeir söluaðilar, sem fyrir eru, sannað yfirburði sína, en hefðu þeir samt ekki gott af samkeppninni? Ef einhver finnur nýjan markað, er þá nema rétt að hann fái að spreyta sig á sölu þangað?

Sérhverri þjóð, Íslendingum jafnt sem öðrum, hlýtur að vera hagsmunamál að efla útflutningsverslun sína og auka þannig gjaldeyrstekjur sínar. Það er undirstaða efnahagslegra framfara. Aukning útflutningsverslunar byggist á öflugum og þróttmiklu sölustarfi á erlendri grund, en slíkt sölustarf er að líkindum veikasti hlekkurinn í íslensku atvinnulífi. Það sem ekki verður selt við viðunandi verði er til lítils að framleiða. Markaðspekking, þ. á m. skilningurinn á því hvers konar vörur og hvernig frágengnar eru mikils metnar á mismunandi mörkuðum, er lykillinn að góðu verðlagi á vörunni. Framleiðendur verða að fá sem gleggstar og greinarbestar upplýsingar um hverjar kröfur eru gerðar og hvaða möguleika markaðirnir bjóða, og aðlaga sig og sína framleiðslu samkvæmt því. Oft þarf hugkvæmni og áráðni til þess að brjóta nýjar leiðir. Skömmunarkerfi í útflutningi er síst til þess fallið að

stuðla að þeirri markaðspróun sem hér hefur verið dregið á. Þvert á móti er hún líkleg til að slæva þá sem fyrir eru, jafnframt því sem ýmsir þeir, sem einmitt hafa hæfileika og getu á þessu sviði, fá aldrei að kljást við verkefnið. Og af því bíða atvinnuvegirnir og þjóðin öll óbætanlegt tjón.

Ráðið til þess að stuðla að grósku í útflutningsverslun er því ekki að binda útflutninginn í duttlunga skömmtnar, leyfisbindingar og skrifræðis heldur hitt að útflutningurinn sé frjáls þannig að hugkvæmni og áráði njóti sín.

Þau ákvæði, sem gilda um leyfi til útflutnings, eru gömul að stofni til. Hver ráðherra og ríkisstjórnin eftir aðra hefur framlengt þessa skipan og starfað eftir henni. Núgildandi ákvæði er að finna í reglugerð nr. 519 14. des. 1979.

Við setningu laga nr. 63/1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, hélst óbreytt fyrri heimild viðskiptaráðuneytisins til þess að binda leyfum útflutning á vörum. Í reglugerð nr. 519 14. des. 1979, sem sett var á grundvelli laganna, var þessi heimild nýtt með sama hætti og áður hafði gilt þannig að allur útflutningur á vörum væri háður leyfi viðskiptaráðuneytisins. Eru ákvæði þar að lútandi í 8. og 9. gr. reglugerðarinnar. Með auglýsingu nr. 797 22. des. 1983 var undanþága frá þessu skilyrði veitt fyrir nokkra flokka innlendra iðnaðarvara.

Í þeirri tillögu, sem hér er flutt, er lagt til að heimildin í lögum nr. 63/1979 um leyfisbindingu útflutnings verði ekki nýtt, nema þá í undantekningartilvikum, en reglan verði sú að útflutningur sé frjáls með sama hætti og gildir um meginhluta innflutnings til landsins. Til þess að svo verði er ekki þörf á lagabreytingu og reyndar vafasamt að hún sé æskileg. Það sem til þarf er reglugerðarbreyting sem er á valdi viðskiptaráðherra. Í samræmi við það er gerð tillaga um að fela ráðherra að gera viðeigandi breytingu á reglugerðinni.

Frelsi í útflutningsverslun er líklegur en nokkur önnur aðgerð til að skila árangri í auknu sölustarfi fyrir íslenskar vörur á erlendri grund. Það mun lítt stöðað að setja á námskeið og leiðbeiningar ef kerfið sjálft er úrelt og bindur útflutningsstarfið í viðjar. Þess vegna er frelsi í útflutningsverslun áhrifaríkasta aðgerðin til þess að afla nýrra markaða, stuðla að vöruþróun og auka þannig afraksturinn af útflutningnum. Af því leiddi meiri tekjur atvinnuveganna og betri lífskjör þjóðarinnar.